

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Ársfundarboð og meginniðurstöður ársreiknings 2015

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn þann 20. maí 2016 kl: 16:00 í aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
4. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

Atkvæðaréttur sjóðfélaga fer eftir inneign þeirra og réttindum við næstliðin áramót. Rétthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er einn af fáum lífeyrissjóðum þar sem er fullkomið sjóðfélagalýðræði á aðalfundum. Sjóðurinn hvetur því sjóðfélaga til að mæta á aðalfundinn og nýta atkvæðisrétt sinn.

Stjórnarkjör

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til þriggja ára. Um hæfi til þess að setjast í stjórn lífeyrissjóðs fer eftir 31. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að bjóða sig fram til stjórnarsetu. Framboð til stjórnar skal tilkynna til Sigurgísla Ingimarssonar stjórnarformanns sjóðsins (ingimarsson@islandia.is) eða Ólafs Páls Gunnarssonar framkvæmdastjóra sjóðsins (olafurpall@landsbankinn.is)

Meginniðurstöður úr rekstri sjóðsins árið 2015

– ársreikninginn ásamt ítarlegum skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins www.landsbankinn.is/ltfi

Breyting á hreinni eign 2015 (þús. kr.)

	2015	2014
Iðgjöld	201.011	167.601
Lífeyrir	117.257	85.062
Fjárfestingatekjur	573.799	225.962
Fjárfestingagjöld	3.528	3.894
Rekstrarkostnaður	13.298	11.721
Hækkun á hreinni eign	640.726	292.887
Hrein eign	4.751.803	4.111.078

Kennitölur	Séreign	Sameign
Fjöldi sjóðfélaga	336	324
Fjöldi lífeyrisþega	55	20

Hrein eign umfram heildar-skuldbindingar	-	4,78%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-	11,75%

Efnahagsreikningur 31.12.2015 (þús. kr.)

	2015	2014
Fjárfestingar	4.705.371	4.021.513
Kröfur	9.754	24.273
Aðrar eignir	47.036	82.701
Samtals eignir	4.762.161	4.128.488
Skuldir	10.358	17.411
Hrein eign	4.751.803	4.111.078

Ávöxtun	Séreign	Sameign
Hrein raunávöxtun 2015	11,25%	10,91%
3 ára raunávöxtun	6,34%	7,24%
5 ára raunávöxtun	5,67%	5,56%
10 ára raunávöxtun	1,76%	1,10%